

Mál nr. 36/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 1. febrúar 2022, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags. 16. mars 2022.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að tilkynnt hafi verið um umferðarslys við hringtorgið hjá Laxalóni þann 10. febrúar 2021. M var ökumaður bifreiðarinnar og kvaðst hann hafa verið að aka niður brekku er hann missti stjórn á bifreiðinni í hálfu og ók á hringtorgið við Laxalón. Bifreiðin var á sumardekkjum en myrkur var úti, hálka og snjókoma. M kenndi sér meins á brjóstakassa og hefur krafið V um bætur vegna líkamstjóns. V hefur samþykkt bótaskyldu en telur að skerða eigi bætur um ¼ hluta með vísan til vanbúnaðar bifreiðarinnar og aðstæðna á vettvangi. M telur að ósannað að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem réttlæti skerðingu á bótarétti. M telur að ekki sé sjálfkrafa samhengi milli þess að aka á sumardekkjum að vetrarlagi í Reykjavík og þess að sýna af sér stórkostlegt gáleysi við akstur. Ákvæði 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 (vsl.) áskilur stórkostlegt gáleysi til að skerða bótarétt. Einfalt gáleysi nægi ekki. Með því að vísa eingöngu til tegundar hjólbörðanna án þess að minnst á raunverulegt ástand þeirra, telur M að félagið hafi með öllu litið fram hjá skilyrðum sem fram koma í loka málslið 1. mgr. 90. gr. vsl. Ekki liggi fyrir að M hafi ekið of hratt eða að öðru leyti með ógætilegum hætti. M hafi ekki verið skráður eigandi bifreiðarinnar, heldur eingöngu fengið hana lánaða hjá vini sínum og þannig beri M ekki ábyrgð á því að bifreiðin væri útbúin hjólbörðum með vetrarmynstri.

V telur að skerða eigi bótaskyldu um 25% og vísar til 1. mgr. greinar 16.02 í reglugerð nr. 822/2004, um gerð og búnað ökutækja. Telur V það engum vafa undirorpið að orsök atviksins verði rakið til vanrækslu ökumanns á skyldum sínum sky. ofangreindu reglugerðarákvæði. Ökumaður var í umrætt sinn að aka um hávetur, á ísilagðri götu á sumardekkjum sem með engu móti gátu veitt viðnám við þessar aðstæður.

Álit.

Þegar litið er til gagna málsins lýtur ágreiningur þessi að því hvort skilyrði 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga séu uppfyllt, þ.e. hvort M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur í greint sinn. V ber sönnunarbyrðina um að það teljist til stórkostlegs gáleysis að hafa ekið á sumarhjólbörðum við umræddar aðstæður. Í málinu liggur fyrir lögregluskýrsla þar sem fram kemur að bifreiðin hafi verði búin sumarhjólbörðum. Engar myndir eru af hjólbörðunum og ekki liggur fyrir ítarleg greining á dýpt mynsturs eða ástandi dekkjanna að öðru leyti. Með hliðsjón af þessu verður því ekki talið nægilega sannað að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og á M því rétt á fullum bótum úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 3. maí 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir